

Dánarbú Margrétar Jónsdóttir í Holti 1835

[Margrét Jónsdóttir, kona Þorsteins Steindórssonar, dó 13. maí 1835. Fjármunir dánarbúsins voru skrifaðir upp 15. júní 1835 og gengið frá skiptum eftir Margrétu 3. október um haustið. Komu til skipta 2159 ríkisdalir].

Uppskrift virðingarmanna

1835,¹ þann 15. júní, voru undirskrifaðir komnir að Holti til að uppskrifa og virða eftirlátið sterfbú Margrétar sál. Jónsdóttur sem deyði þann 13. maí næstliðinn eftir því sem hennar eftirlifandi ektamaður fram vísar.

	Í bókum	Rd.	Sk.
1	Vídalíns postilla	1	64
2	Sálmabók laus í bandi með viðbætir	1	
3	Grallari, skræða		8
4	Fyrsti partur Sturms hugvekja		48
5	Föstupartur Sturms hugvekja		40
6	Vigfúsar hugvekjur í dönsku bandi	1	
7	Flokkasálmabók	1	
8	Gerhardi hugvekjur, skræða		8
9	Kristindómur Vídalíns, skræða		8
10	Síðasti partur Sturms hugvekja		16
11	Föstupredikanir Vídalíns		16
12	Passúsálmar og hugvekjusálmar í sama bandi, skræða		12
13	Lessaltari		16
14	Þórðarbænir		6
15	Barnalærdómsbók, skræða		4
16	Odds bænir með fleiru		12
17	Missiraskiptaoffur laust í bandi		12
18	Lítið kvæðakver		4
19	Norsku lög í dönsku		32
20	Átjándu aldar eftirmæli		48
21	Handbók fyrir hvörn mann, skræða		8
22	Hjálmar á Bjargi		2
23	Maturtakver Eggerts Ólafssonar		2
24	Atli, skræða		2
	Í karlmannsfatnaði		
25	Treyja, áður bláleit, með hnöppum	1	48
26	Buxur svartar, með axlaböndum	1	16
27	Blátt vesti með silfurhnöppum, boldang í bak	1	32
28	Dto hvítleitt		24
29	Léreftsskyrta	1	
30	Dto forn		48
31	Nýjar nærbuxur hvítar		1
32	Dto garmar		16
33	Svartur peysugarmur		12

¹ Þí. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu ED2/15, örð 28.

34	Dto hvítur, garmur		16
35	Hattgarmur		8
36	Svartir og hvítir sokkar		32
37	Bláleitir háleistar		12
	Í kvenfatnaði		
38	Blátt upphlutsþils með 14 gömlum silfurmyllum	4	
39	Blá forn og lítil svunta með stórum silfurhnappi, vegur 1 ½ lóð	1	64
40	Röndótt dúksvutna		32
41	Blár peysugarmur		32
42	Tvennir sokkar		24
43	Bláir sokkar fornir		16
44	Látúns beltispör		8
45	Bláleitur klútur silkidreginn	1	
46	Dto gamall		48
47	Hvítur hálskragi		4
48	Grænviða ² þrjónakoddi og spónöskjur		16
49	Gömul kvenhempa	1	
	Í rúmfatnaði og rúmum		
50	Sæng með einskeptuveri, fiðri og sumpart sneplar	4	
51	Koddi með fornu vaðmáli, veri og skinnveri með fiðri í	1	
52	2 rekkjuvoðir, nýleg og forn	1	48
53	Forn brekán	2	
54	Í öðru rúmi skinnsæng með fiðri	3	48
55	2 rekkjuvoðir fornar	1	
56	Skinnerskoddi með fiðri í		32
57	Nýlegt brekán	2	
58	Í þriðja rúmi sængurdýnugarmur	2	
59	2 rekkjuvoðir fornar	1	48
60	Koddi		32
61	Forn brekán	1	64
62	Í fjórða rúmi 2 rekkjuvoðir		64
63	Koddi		24
64	Brekánsarmur		32
65	Rúmsumgjörð suðaustan í baðstofunni með rúmstokk og bríkum, þiljað í kring, 2 sterkir marar í skambita til beggja enda og væn sparlaksslá; hurð á járnum skrálæst	3	
66	Önnur rúmsumgjörð þar á móti með þiljum í kring, rúmstokkum og bríkum, mörum í skambita, hvar af hús er vorðið	2	
67	Þriðja rúmsumgjörð næst húsi að austanverðu, með rúmstokk og bríkum, einum mara og 5 smáfjöllum	1	
68	Fjórða rúm þar á móti með rúmstokk og bríkum, mari og fjórar smáfjalir	1	
69	Fimmta móti baðstofudyrum með rúmstokk og bríkum, 2 fjalir fyrir gaffli, 6 fjalir ofan og hillufjöl	1	
70	Sjötta rúm að austanverðu með rúmstokk og bríkum,		

² Stendur svo, hugsanlega átt við hesputré.

	3 fjalir fyrir gaflir og 1 fyrir ofan		80	
71	Tvö rúm norðvestan fram í baðstofunni, 1 borð í rúmstokkum, 7 smáfjalir og 2 marar		64	
72	19 pallfjalir og raftar í rúmabotnum og fjórir pallstokkar	5		
73	Vefstaður gamall, fylgja 2 skeiðar og rakgrind	8		
	Í borðbúnaði			
74	Tveggja barma tinfat gamalt	2		
75	Dto steikarfat	1	48	
76	2 leirskálar hvítar, önnur margspendg			48
77	2 talerkar		16	
78	2 kaffispilkomur, 1 undirskál og sykurbolli		48	
79	Silfurskeið og 2 teskeiðar	2	48	
80	Silfurstaup	2		
81	2 gaffalar ³ lítt nýtir		4	
82	Kaffiketill gamall	2		
83	Dto minni, nýlegur	1	64	
84	Kaffikvörn		80	
85	8 flöskur misstórar, 1 leirkrús		80	
86	Eyrtrekt		32	
	Í búsgagni			
87	Tveggja tunnu sár heldinn	4		
88	Dto tekur á þriðju tunnu, lekur	4		
89	Dto gamall	3		
90	Dto, tveggja tunnu	4		
91	Dto tunnusár	2		
92	Dto tunnusár lélegur	1	48	
93	Tunnusár grafinn í gólf		32	
94	Dto nýlegur með hlemm	2	48	
95	Tveggja tunnu, garmur ónýtur		16	
96	Tveggja tunnu sár, lítt nýtur		16	
97	Dto sákolla		24	
98	Drykkjartunna	1	64	
99	Dto lakari	1	48	
100	Nýlegur strokkur, tekur 3 fjórðunga	2	48	
101	Dto garmur		48	
102	Dto hjá Jóni í Tungunesi	1		
103	2 fötur	1		
104	2 dto		60 ⁴	
105	2 dto lélegar		32	
106	2 dto vatnsfötur	1	16	
107	2 kollur stórar	1	32	
108	2 dto minni		80	
109	Tveggja fjórðunga koll[a] og 8 marka	1		
110	3 trog bestu	1	64	
111	3 dto þar næst	1	48	

³ Stendur svo.

⁴ Óljóst.

112	3 dto álíka	1	48
113	3 dto lakari	1	
114	3 dto, garmar		24
115	4 selskrínur betri	2	
116	4 dto lakari	1	64
117	2 askar bestu		48
118	2 dto minni, nýlegir		48
119	2 dto		40
120	2 dto lakari		32
121	3 dto lakastir		32
122	1 ausa og 2 sleifar		16
123	Skyrgrind og 2 sílgrindur		12
124	Tréskál og 2 trédiskar		16
125	Stórar öskjugarmar		8
126	Þrennar smáöskjur		32
127	Kerfat ⁵ spengt		24
	Í eldsgögnum		
128	Pottur nýlegur	3	
129	Dto tveggja fjórðunga	1	64
130	5 fjórðunga gamall	2	
131	Dto með gjörð		48
132	Lítill pottur með gjörð		24
133	Dto bættur		24
134	2 dto með götum		16
135	Ketilkrókar		32
	Í kistum		
136	Ný kista læst og vel umvenduð	7	
137	Dto læst gömul	2	
138	Dto í stofu járnalaus, tveggja vætta	3	48
139	Dto tveggja vætta með hespu	3	48
140	Dto tveggja vætta með læsingarmynd	3	
141	Dto járnalaus garmur		98
142	Læstur skápur	1	
	Ullarverkfæri		
143	Rokkur brúkanlegur	1	
144	Kambar bestu		40
145	Tvennir dto lakari		48
146	2 kembustokkar		16
147	Lítill karfa		8
148	Tvennir duggarabandsprjónar		8
149	Þrennir peysuprjónar		16

Í smíðatólum

⁵ Í talmálssafni Orðabókar Háskólans er umsögn um skylt orð, *kerdiskur*, sem heimildakona hafði oft heyrt hjá fólki við Ísafjarðardjúp og af Barðaströnd. Hún segir: „Þeir voru smíðaðir á Ströndum úr tré, og í miðju var eins og bolli eða lítill skál; í hana var feitmetið látið.“ (Tölvupóstur frá Ástu Svavarsdóttur 12. maí 2023).

150	Tvískeptusög með grind	2	
151	Langviðarsög		80
152	2 grindarsagir		56
153	Gatasög		16
154	Skarexi	1	
155	2 handöxar, garmar		48
156	Hefilbekksmynd		82
157	Fellhefill með tönn		64
158	2 heflar lélegir		24
159	2 strikheflar		16
160	Plóghefill		16
161	Hornmati og hornvinkill		16
162	5 nafrar misstórir		48
163	2 gæruhnífar		16
164	3 tálguhnífar lítt nýtir		12
165	Sirkill		8
166	2 sporjárn		24
	Í smiðjuverkfærum		
167	Smiðjubelgur með aflhólk	1	48
167	Steðji gamall	2	
169	Hamar brúkanlegur	1	
170	Töng, löð og 1 laðargat	1	
171	Lítill járnleggja	2	
172	Slaghamar á Akri	1	
173	Handklömbrur	1	
174	Klaufhamar og hnoðhamar		48
175	Járnbitur og eyrklippur	1	16
176	Lítill beygitöng og haldtöng		24
177	Þjalargarmur		8
	Í karlmanns reiðtygjum		
178	Hnakkur með ístöðum, yfirklaði, sessu, reiða, tveimur koparhringjugjörðum, yfirgjörð og beisli	7	
179	Reiðbuxur	1	
180	Kvensöðull lélegur með þófa lélegum, tvær koparhringjugjarðir, reiðamynd og beislisgarmur	5	48
	Í reiðskap		
181	3 klifberar með reiðskap	2	
182	3 dto lakari	1	48
183	9 pör bandreip betri	7	48
184	9 pör dto lakari	4	
185	3 ólarreipi	3	
186	3 meldýnur brúkanlegar		64
187	5 meldýnuræflar með álagsreiðingi		24
188	2 reiðgjarðir hringjulausar, 6 klifberagjarðir, 3 bandbeisli,		
189	6 taumbönd, 12 hnappheldur	1	
	Í aðskiljanlegu og amboðum		

189	4 orf		32
190	6 hrífur	1	
191	Fjórar klárur og kvísl	1	
192	Fjórar rekur og 2 skóflur slitnar	2	48
193	Járnkarl	1	
194	Pálgarmur		32
195	Tvíristuljár		48
196	3 grasljáir betri	1	
197	3 dto lakari		48
198	Fjögur brýni		6
199	Látúnsdósir		32
200	Tindósir		24
201	Tóbaksponta		24
202	Tóbaksfjöl með jární lélegt		8
203	Grasakolla og grasajárn		48
204	Hverfisteinn með stokk		32
205	Járn rekið 9 pund	1	
206	Reisla tveggja lýsipunda ⁶ vigt, justeruð	1	32
207	Dto stór	1	
208	Reislalóða ⁷ vigt		32
209	10 skeifur troðnar		64
210	2 klafar vænir	4	
211	Torfkrókar		48
212	Malkvörn með stokk	3	
213	Átta meisar vænir	4	
214	Tjald slitið með tjaldtrjám	2	
215	6 háltunnupokar fornir	2	
216	3 dto garmar fornir		48
217	Lampagarmur af jární og panna		40
218	Stofuónn	10	
219	3 meisagarmar		32
220	3 heynálar		32
221	Matborð í baðstofu með skúffu	1	48
222	Dto í stofu	1	
223	Dto í skemmu með kassa utan um borðfætur	3	
224	Loftfjalir í stofu	3	
225	3 borð í skála	2	
226	Loft í skemmu, 9 borð og 10 fjalir	6	
227	6 háltunnugarmar		48
228	1 méltunna og lagartunnugar[mur]	1	
229	Dragsmiðja með gjörð, löð, tóng, allt lélegt	1	48
230	Heilanker og hálfanker	1	16
231	2 kútar járn bentir	1	
232	1 fjórðungur kýrskinn	3	
233	1 fjórðungur sauðskinn	2	
234	5 pund af tólgi	10	
235	5 fjórðungar haustull	5	

⁶ Það stendur „l #“ sem merkir nær örugglega „lýsipund.“

⁷ Í skiptabókinni stendur „reisla“ við þetta númer og er það líklega réttara.

236	Rekkjuvoða vaðmál 16 álnir	4	
237	Dto 16 álnir	4	
238	Hálftunna rúg	2	24
239	Hálftunna spað	3	
240	6 fjórðungar af fiski	2	
241	1 skeffa bankabygg; 1 dto baun[ir]	1	28
242	Skyr	1	
243	Laus viður, álist 10 viðarhestar, hvar af helmingur er lagður til jarðarinnar	5	
244	Laxanet, garmur, og hrosshárstog		48
245	Dto í tilbúningi		64
246	8 pör duggarasokka	1	32
247	Börur og sleði	1	
	Í húsum		
248	Skemma á hlaði skralæst	10	
249	3 fjárhús út frá bænum, það syðsta tekur 30 kindur	8	
250	Þar næst Þriðja nr. tillagt fyrir innsta	7	
251	Þriðja dto upp frá bænum, það syðsta virt á	12	
252	Þar næsta á	12	
253	Það syðsta er minnst	8	48
254	Fjárhús suður og upp á velli	12	
255	Hesthús suður og upp á velli, tveggja dyra, tekur 8 hross	6	
256	Dto suður og niður á velli, tekur 10 hross	8	
257	Hesthús út og niður	3	
258	Selhús á Sauðadal	6	
259	Taða með litlu af útheyi	40	
	Í lifandi peningi, kýr		
260	Kápótt kýr 8 vetra, miðsvetrarbær	16	
261	Dto fyrsta kálfs kvíga miðsvetrarbær	15	
262	Kálflaus átta vetra	13	
263	Dto tímabær að fyrsta kálfi	12	
264	Tarfur tvævetur	8	
265	Vetraralinn kvígukálfur	3	
	Ær og sauðkindur		
266	65 ær með lömbum, hvör á 2 rd., 32	151	64
267	Dto 25 lambgotur og geldar, hvör á 2 rd.	50	
268	Sauðir gamlir 23, hvör á 4 rd.	92	
269	Dto tvævetrir 25, hvör á 3 rd.	75	
270	25 gemlingar, hvör á 10 mk.	41	
	Í hrossum		
271	Rauður hestur góðgengur	14	
272	Dto jarpur, 12 vetra	10	
273	Dto 7 vetra, ljós	11	
274	Ljós 7 vetra, dto	11	
275	Dto 7 vetra, brúnn	9	
276	Dto rauður, 15 vetra	10	

279 ⁸	Dto rauðblesóttur, 17 vetra	8	
280	Dto rauður kapall	6	
281	Dto grár kapall, 20 vetra	5	
282	Dto bleik, 24 vetra	3	48
283	Dto grá, 14 vetra, ótamin	6	
284	Bleikur foli ótaminn, þriggja vetra, vanaður	8	
285	Dto rauðsokkóttur foli, tvævetur	4	
286	Veturgamalt mertryppi grátt	2	
287	Tvævett mertryppi grátt	3	
Útistandandi skuldir			
288	Hjá Tómasi í Hjaltabakkakoti	50	
289	Hjá Guðmundi í Meðalheim	16	
	Summa	1907	
		1112	20
Skuldir á sterfbúinu			
1	Útfararkostnaður	32	
2	Auctionsskuld til Jóns á Haukagili	26	
3	Hvalskuld til hreppstjóra Sigurðar á Ytri-Ey	4	
4	Hvalskuld til hr. Olsen	2	
5	Til Jóns Sveinssonar í Tungunesi	40	
6	Til Margrétar ⁹ vinnukonu í Holti upp á 3 ½ á	8	16
7	Til Sólveigar ¹⁰ vinnukonu í Holti upp á 3 ær	7	
	Til samans	119	16

Staddir í Holti,

Hannes Þorvaldsson, Þorlákur Auðunsson, Magnús Pétursson

Dánarbúið í skiptabók¹¹

Ár 1835, þann 3. október, setti sýslumaður Blöndal einn skiptarétt að sínu heimili Hvammi með undirskrifuðum þingvottum, til að fyrir taka arfaskipti eftir bóndakonu, Margrétu Jónsdóttur, sem deyði í Holti á Ásum þann 13. maí þ. ár og lét eftir ektamann sinn, mr. Þorstein Steindórsson, sama staðar og þeirra 4 skilgetin börn, nl. herra landphysicus Jón Thorsteinsen í Reykjavík, Björn sem sigldi til Kaupmannahafnar árið 1823 og var seinast þá til hans spurdist í Vestindíum, 31 árs gamall, Margrétu gifta bónda Magnúsi Péturssyni á Orrastöðum og Ingibjörgu gifta bónda Sveini Guðmundssyni á Efra-Núpi.

Við skiptin mætir ekkjumaðurinn mr. Þorsteinn Steindórsson og konu sinnar vegna bónda Magnús Pétursson en fleiri eru ei enn mættir, enn þótt Sveinn Guðmundsson hefði til þess aðvaraður verið. Vegna erfingjans Björns mætir hreppstjóri mr. Jón Jónsson á Kornská þar til settur. Þessa dánarbús fjármunir eru af hreppstjóra mr. Hannesi Þorvaldssyni og

⁸ Númer 277 og 278 virðast hafa fallið niður eða hlaupið er yfir þau.

⁹ Guðmundsdóttur.

¹⁰ Magnúsdóttur.

¹¹ Þí. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu ED1/3. Skiptabók 1834-1839, bls. 129-137.

bóna Þorláki Auðunssyni upp skrifaðir og virtir þann 15. júní síðstliðinn, hvör uppskriftar forrétting hér orðrétt innfærast svohljóðandi.

[Upphaf skiptanna í skiptabókinni er svona en síðan kemur sama uppskrift og hér að ofan og er það ekki endurtekið. Þar næst er gerð grein fyrir skiptum, þ.e. hvernig einstökum munum var ráðstafað í skuldir eða til erfingjanna].

	Rd.	Sk.
Hér við bætist það sem erfingjarnir hafa áður meðtekið.		
Eftir munnlegri auglýsing ekkjumannsins hefur herra landphysikus Thorsteinsen meðtekið	400	
Björn Þorsteinsson sömuleiðis	330	
Margrét Þorsteinsdóttir eftir skriflegri uppteiknun föður síns sem hér framleggst	152	48
Ingibjörg Þorsteinsdóttir eftir dto	<u>164</u>	<u>48</u>
Verður þá dánarbúsins heila inntekt	2159	20

[Síðan er gerð grein fyrir skuldum en þar á meðal eru 32 rd. í útfararkostnað, skuld við Jón Sveinsson í Tungunesi 40 rd. og óborguð vinnulaun tveggja vinnukvenna. Skuldir voru samtals 149 rd., 62.

Þegar búinu var skipt kom í hlut Þorsteins 1004 rd., 75. Til Jóns landlæknis 333 rd., 24 og sama til Björns en til Margrétar og Ingibjargar 166 rd., 60 hvorrar um sig.

Sleppt er hér að skrifa upp hvernig lóðin voru greidd út. Systurnar, Jón og Þorsteinn fá sitt en ekki er vitað hvar Björn er og er hans eign (sem var ekki mikil) lögð í jarðabókarkassann.

Undir þetta rita Björn Blöndal, Jón Jónsson á Kornsa, Guttormur Guttormsson, Þorsteinn Steindórsson og Magnús Pétursson].

Fyrirfram greitt til systranna, Margrétar og Ingibjargar

[Þessar tvær greinargerðir um „fyrirfram greiddan arf“ til systranna Margrétar og Ingibjargar liggja með gögnum um dánarbu Margrétar Jónsdóttur. Þótt þær séu ársettar 1817 og 1820 fær maður á tilfinninguna að þetta séu afrit og/eða skrifað í sambandi við uppgjör búsins árið 1835.

Hér með liggur líka miði frá Jóni Thorsteinson landlækni um fémuni (300 rd.) sem hann hefur lagt út fyrir Björn bróður sinn vegna náms hans tvo vetur í Bessastaðaskóla og einn vetur í Kaupmannahöfn í beykisnámi, en faðir hans hefur þá þegar greitt honum að mestu leyti].

Þann¹² 17. júní 1817 voru af undirskrifuðum virtir og uppskrifaðir þeir fémunir er meðhjálparinn mr. Þorsteinn Steindórsson afhenti dóttur sinni, Margrétu, á hennar giftingardegi, sem fylgir:

	Rd.	Sk.
Einveruð sæng af brekánsvefnaðarveri með fiðri	8	
Brekán nýtt	5	
Nýjar vaðmáls rekkjuvoðir	4	
Koddi og svæfill	3	

¹² Þí. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu ED2/15, örk 28.

Kvenfrakki ¹³	6	
Blár klæðis niðurhlutur	3	
Grænn klæðis niðurhlutur	4	
Blár klæðis niðurhlutur	2	
Rauður og svartur damasks upphlutur með silfurmyllum	2	
Blá kvenpeysa	1	48
Kvenhempa með flossaum	4	48
Grænteinóttur klútur		80
Bláteinóttur léreftsklútur		64
Ljósblár klútur	1	48
Bláteinóttur klútur		48
Silkiklútur	1	64
Traf		64
Kvenreiðtygi	18	
Rauðmáluð kista	9	
Snemmbær kýr	16	
18 ær	36	
Fjögra vetra hestur	8	
Tveggja fjórðunga pottur	3	
Fjórðungs pottur	1	
Fjórðungs fata og 14 marka fata	1	64
Tvær kollur sem taka 5 fjórðunga til samans	3	
Tvö trog	2	
Rokkur	1	
Strokkur	4	
Pallkistill	1	
[Samtals]	152	48

Sama stað, ár og dag sem fyrr greinir,
Ólafur Björnsson, Hannes Þorvaldsson

Þann¹⁴ 16. júní 1820 afgreiddi meðhjálparinn mr. Þorsteinn Steindórsson í Holti á Ásum dóttur sinni Ingibjörgu á hennar giftingardegi eftirskrifaða fémuni, á hvörja hann sjálfur eftir lögum virðingu lagði í samburði við það sem hans eldri dóttir, Margrét, meðtók á hennar giftingardegi, í undirskrifaðra votta viðurvist, sem fylgir

	Rd.	Sk.
Ný sæng	10	
Nýjar vaðmáls rekkjuvoðir	4	
Nýtt brekán	3	
Hægindi og svæfill	3	
Blár vaðmáls niðurhlutur	6	
Blár klæðis niðurhlutur	3	48
Rauður klæðis upphlutur með knipli í baki silfurmyllum og broderaður á börmum	3	
Silkiklútur	1	64
12 silfurmyllur	1	
Bláþrykktur léreftsklútur	1	48

¹³ Stendur svo og líka í skjali Ingibjargar en var sjaldgæft á þessum árum, skv. ritmálssafni Árnastofnunar.

¹⁴ ÞÍ. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu ED2/15, örk 28.

Bláteinóttur léreftsklútur	1	16
Bláteinóttur dto, lakari		64
Kvenfrakki	6	
Kvenpeysa	1	48
Kvenreiðtygi, söðull, áklæði, þófi, beisli, gjarðir, reiði	18	
Tvö trog ný	2	
Þrjú smá kerhöld	2	
2 fötur	2	
Strokkur járngirtur	4	
Nýr pottur	8	
16 marka pottur	2	48
Pallkistill	1	
Rokkur	1	
18 ær	36	
Kýr	16	
Kapall	7	
[Samtals]	145	48

Sama stað, ár og dag sem fyrr greinir,
Ólafur Björnsson, Hannes Þorvaldsson

Gleymst hefir að tilfæra:

Blátt klæðispils nýlegt	4	
Lérefts forklæði	2	
Annað dto lélegt	1	
Þriðja dto af dúk	2	
[Samtals]	154	48

Væn fatakista 10